

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Vigfús Þór Hróbjartsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 6. nóvember 2020
UST202010-268/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 - Hraunhólar

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 í landi Hraunhóla.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina 3 nýjar frístundalóðir og nýtt íbúðarsvæði fyrir 8 lóðir sem verður á um 12 ha, en svæðið er í gildandi aðalskipulagi landbúnaðarland.

Í greinargerð kemur fram að svæðið fellur undir sérstaka vernd náttúruminja þar sem svæðið er á forsögulegu hrauni, Þjórsárhrauni, sem nær yfir stór svæði á suðurlandi. Umhverfisstofnun bendir á að Þjórsárhraun fellur undir sérstaka vernd 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er á stórum hluta tún og akurlendi. Umhverfisstofnun bendir á að ef á skipulagssvæðinu eru jarðmyndanir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga er mikilvægt að taka til þeirra sbr. ákvæði laganna.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að eldhraun sem er að öllu leyti hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.


Vistgerðir og vistlendi

Umhverfisstofnun telur það jákvætt, líkt og kemur fram í greinargerð lýsingar, að við skipulagsvinnuna verði farið í nákvæma vistgerðargreiningu á svæðinu.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur